

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2012****2012/EES/34/03****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins, sem sett er til að draga úr algengi tiltekinnna sermigerða salmonellu í varphænum af tegundinni Gallus gallus, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/322/ESB frá 27. maí 2011 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/861/EB um aðlögunarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur, í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Búlgaríu ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 517/2011 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2006 ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Löggjöf um heilbrigði dýra skal ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í annan undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/861/EB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“ í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:
„– **32011 D 0322**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/322/ESB frá 27. maí 2011 (Stjtið. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 41).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 8b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003) í hluta 7.1:
„– **32011 R 0517**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45).“
3. Texti 28. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2006) í hluta 7.2 falli brott.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 41.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 211, 1.8.2006, bls. 4.

4. Eftirfarandi bætist við í 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 200/2010) í hluta 7.2:
„eins og henni var breytt með:
– **32011 R 0517**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 54. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011) í hluta 7.2:
„55. **32011 R 0517**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 517/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins, sem sett er til að draga úr algengi tiltekinnna sermigerða salmonellu í varphænum af tegundinni *Gallus gallus*, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2011, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 517/2011 og ákvörðunar 2011/322/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.